

Alþingi
Erindi nr. P 132/1864
komudagur 25.4.2006

	Fjármálaráðuneytið	
	Minnisblað	

Viðtakandi: **Dómsmálaráðuneytið, Kristín Helga Markúsdóttir**

Sendandi: **Fjármálaráðuneytið; starfsmannaskrifstofa; Sonja María Hreiðarsdóttir**

Dagsetning: **08.03.2006**

Málsnúmer: **FJR06030001**

Bréfalykill: **200**

Efni: **Frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands**

Tilmæli ráðherra:

Texti:

I.

Vinumarkaðurinn á Íslandi greinist í almennan og opinberan vinnumarkað en munurinn á milli þessara markaða hefur minnkað til muna á síðustu árum. Frá því að lögin um LHG voru sett árið 1967 hefur átt sér stað ör þróun á vinnumarkaðnum og löggjöf tengd honum. Má nefna að í dag er meginreglan sú að ríkisstarfsmenn hafa verkfallsrétt þó honum sé takmörk sett. Þá hafa ýmsar tilskipanir Evrópuréttarins einnig haft þau áhrif að vinnumarkaðurinn er mun einsleitari en hann var áður.

Starfsmannalög nr. 70/1996 taka í dag til allra starfsmanna ríkisins að uppfylltum skilyrðum 1. gr. laganna á meðan að lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka ekki til allra ríkisstarfsmanna. Ákveðið ósamræmi felst í þessu en ASÍ félög og nokkrir hópar utan bandalaga gera kjarasamninga vegna félagsmanna sinna sem vinna hjá ríkinu við fjármálaráðherra á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Vinna við endurskoðun kjarasamningslaga nr. 94/1986 er í fullum gangi og má búast við að allar breytingar muni snúa að einföldun og að reynt verði að draga úr þeim mun sem enn er í löggjöfni á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins.

II.

Í lögum um einstakar stofnanir er jafnan tekið fram hver fari með ráðningarvaldið en ákvæði sambærileg við 9. og 10. gr. laga um LHG eru sérstök. Í þeim er tiltekið að um laun og kjör

starfsmanna LHG fari með ákveðnum hætti þ.e. þeir sem vinna að staðaldri í landi skulu fara samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna en þeir starfsmenn sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti skulu fara eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags. Ekki verður séð af fyrirbyggjandi lögskýringargögnum neitt sem skýrir af hverju þessi leið var valin á sínum tíma. Virðist helst sem að lagt hafi verið til grundvallar að ekki hafi verið hægt annað en að bjóða áhöfn LHG á lofti og sjó sömu kjör og voru í boði á almennum markaði því annars myndi ekki fást neinn mannskapur í áhafnir LHG.

III.

Starfsmenn LHG sem vinna á sjó og í lofti taka í dag mið af samningum á almenna markaðnum á grundvelli 10. gr. laga um LHG en samið hefur verið um einstök atriði sérstaklega við SNR. Flugmenn LHG taka þannig laun skv. kjarasamningi FÍA við Flugleiðir/Icelandair og flugvirkjar taka mið af kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands við ITS (dótturfélag Flugleiða). Sjómannastéttirnar vísa til samninga á almenna markaðnum þegar það hentar en gera sjálfstæða kjarasamninga við ríkið. Þær stéttir sem hér um ræðir eru ásamt öðrum starfsmönnum LHG ríkisstarfsmenn að uppfylltum skilyrðum 1. gr. laga nr. 70/1996 en voru það ekki fyrir gildistöku laganna.

Viðmið við almenna markaðinn hefur m.a. þýtt að ýmsar hagræðingargreiðslur hafa farið beint til starfsmanna LHG án þess að þar sé um nokkra hagræðingu fyrir stofnunina að ræða öfugt við það sem fyrirtækin hafa væntanlega fengið. Hér er um mjög ólíkan rekstur að ræða t.d. varðandi flugið er annars vegar flugfélag sem sinnir millilandaflugi og á í samkeppni á einkamarkaði en hins vegar flugrekstur sem sinnir öryggisgæslu, löggæslu og björgun. Því þarf ekki að koma á óvart að ýmis ákvæði kjarasamnings Flugleiða/Icelandair eiga ekki við um starfsemi LHG og starfsmenn þess, valdi kostnaðarauka fyrir stofnunina, erfileikum á milli starfsstétta innan stofnunar og erfiðleikum í túlkun og framkvæmd einstakra ákvæða kjarasamningsins.

Nefna má sem dæmi um hvernig þetta getur snúið að fyrir á þessu ári fór fyrir félagsdóm mál (nr. 8/2005) þar sem FÍA fyrir hönd flugmanna LHG sótti það að flugmenn LHG ættu rétt á að ferðast á viðskiptarými í ferðum til útlanda á vegum LHG líkt og flugmenn Flugleiða hf./Icelandair í samræmi við ákvæði kjarasamnings þeirra. FÍA vann málið og niðurstaðan er sú að LHG verður ávallt að kaupa flugmiða á viðskiptafarrými fyrir flugmenn LHG á ferðum þeirra til útlanda á vegum stofnunar. Flugfélag sem stundar almennan flugrekstur getur hagrætt fyrir sína flugmenn í eigin flugvélum þannig að þeir fái ávallt fyrsta flokks þjónustu og hægindi eftir því sem hægt er. LHG hefur enga möguleika á neinni hagræðingu í þessu sambandi og verður að greiða fullt verð fyrir hvert sæti. Niðurstaða félagsdóms gerir það að verkum að LHG verður að skipta við Flugleiði þegar flugmiðar eru keyptir fyrir flugmenn LHG því ekkert viðskiptafarrými er í flugvélum á vegum samkeppnisaðilans Iceland Express. Kemur þetta augljóslega niður á stjórnun LHG sem eins og öðrum stofnunum er gert að gæta hagkvæmni við kaup á flugmiðum.

Að mati fjármálaráðuneytisins er 10. gr. laga um LHG sem tengir starfsmenn sem vinna á sjó og í lofti beint við samninga á almenna markaðinn einstök í ríkisgeiranum og veldur stofnun aukakostnaði og erfiðleikum við túlkun og framkvæmd þeirra.

Helstu rök gegn breytingum á ákvæðinu eru þau að gríðarlegir fjármunir fara í að þjálfa nýja starfsmenn bæði á loftför og varðskip LHG og að stofnun megi ekki við starfsmannaveltu á

Þessu sviði. Helstu rök með breytingum er að ákvæðið leiðir til ójafnrar samningstöðu, þar sem annar aðilinn, ríkið er bundinn af því sem samið hefur verið um af þriðja aðila út frá allt öðrum rekstarforsendum og getur því ekki hagað samningsgerðinni út frá hagsmunum stofnunnar. Þá geti ekki talist eðlilegt að ákveðnir ríkisstarfsmenn taki mið af almenna markaðnum með svo beinum hætti og það passar alls ekki við rekstur stofnunarinnar og það umhverfi sem hún býr við sem ríkisstofnun. Atvinnuástandið í þessum stéttum virðist ekki vera með þeim hætti að hafa þurfi sérstakar áhyggjur af starfsmannaveltu og virðist hér vera um sambærilegt mönnunarvandamál á dýrum starfskrafti sem margar aðrar ríkistofnanir glíma við.

IV.

Með vísan til þess sem fram kemur hér fyrr leggur fjármálaráðuneytið til að bæði 9. og 10. gr. í lögum um LHG verði felldar brott í frumvarpi til laga um LHG. Af því mun leiða að ríkið mun semja við viðkomandi stéttarfélög á grundvelli laga nr. 80/1938 eins og við önnur stéttarfélög sem þar eiga undir án beintengingar við kjarasamninga á almennum markaði.

Til viðbótar ofangreindu vill ráðuneytið benda á að skv. lögum um LHG er öllum starfsmönnum stofnunarinnar óheimilt að gera verkfall og taka þátt í verkfallsboðun og frumvarpið gerir ráð fyrir óbreyttu ákvæði hvað þetta varðar. Ríkistarfsmenn hafa almennt verkfallsrétt í dag og dómaframkvæmd hefur leitt til þess að í raun er lítil munur á verkfallsrétti opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði. Þeir ríkisstarfsmenn sem ekki hafa verkfallsrétt samkvæmt lögum eru fyrst og fremst þeir sem sinna nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu. Ráðuneytið telur að í því ljósi verði að skoða vel hvort nauðsynlegt sé að hafa verkfallsbann fyrir alla starfsmenn stofnunarinnar eða hvort t.d. væri nóg að binda það við þá sem fara með lögregluvald skv. 6. gr. frumvarpsins.

Að lokum bendir ráðuneytið á að eins og fram kemur hér fyrr þá taka starfsmannalög nr. 70/1996 til allra starfsmanna ríkisins að uppfylltu skilyrðum 1. gr. laganna og þar með einnig til starfsmanna LHG. Í frumvarpinu er í 23. gr. gerð tillaga um að það sé sérstaklega tiltekið að starfsmannalögin gildi um starfsmenn LHG en telja verður það óþarft.